

Nr. 103 / 12 Guðmundur í Nesi RE 13***Skipverji slasast á hendi***

Skipaskr.nr. 2626 IMO nr. 9235438
Smíðaður: Noregur 2000, stál
Stærð: 1315 brl. 2464 bt.
Mesta lengd: 66 m Skráð lengd: 59,43 m
Breidd: 14 m Dýpt: 8,67 m
Vél: Wärtsilä 5520 kW, 2000
Fjöldi skipverja: 21



Guðmundur í Nesi ©Hilmar Snorrason

Gögn:
Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 31. maí 2013 af Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrasoni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 25. ágúst 2012 var Guðmundur í Nesi RE 13 á togveiðum á Hampiðjutorgi. Veður: NA 12 m/sek., bjart og sjólítið.

Skipverjar voru að taka tvö troll og hafði þriðja færa verið hífð fram með bakborðsgils og búið að húkka stjórnborðsgils í stroffu fyrir fjórðu færu en hana átti að taka með báðum gilsunum. Bakborðstrollið reyndist rífið og tveir skipverjar ætluðu að setja litla stroffu þar sem skemmdin var til að hífa það frá til viðgerðar. Slaki kom á belginn vegna hreyfingar skipsins á öldu og annar skipverjanna reyndi að koma stroffunni á og stakk handleggnum á milli trollanna. Þá strekktist aftur í trollið og jafnframt var hífð þar sem búið var að heimila hífingu af stjórnanda á þilfari. Lenti hægri hönd skipverjans á milli þeirra þegar tók í stjórnborðsgilsinn, hertist að stroffunni og hún dróst fram eftir belgnum.

Skipverjinn varð óvinnufær en talið var að áverkar hans væru aðeins bólgur en ákveðið var að fara með hann til Patreksfjarðar þann 31. ágúst. Við lækni skoðun kom m.a. í ljós að úlnliðsbein var tvíbrotið.

Við rannsókn kom fram:

- að slasaði taldi að einhver misskilningur hefði orðið til þess að hífð var við þessar aðstæður og hann hefði ekki orðið var við fyrirmæli um það. Hann

sagði að aðeins tveir skipverjar á þilfarinu hefðu verið með samskiptabúnað í öryggishjálum við hátalarakerfið en aðrir heyra ekki í því nema þegar talað er í dekkhátalara. Hann hefði gert athugasemdir við þetta fyrirkomulag því þegar annar þeirra talaði heyrðu þeir ekkert í hinum á dekkinu.

- annar stjórnandi á þilfari (samskiptatengiliður) hafi í þetta skipti staðið hjá slasaða þegar þriðji hásetinn spurði hvort ætti að merkja rifrildið með því að setja kolllínustroffuna á belginn og rétti slasaða kolllínustroffuna. Slasaði reiknaði með að stjórnandinn hafi heyrt það og átti því ekki von á að það yrði híft. Slasaði sagði að stroffan hafi ekki dregist að handleggnum en hann hafi klemmst á milli belgjanna þegar hertist að stroffunni;
- að stjórnandi á þilfari (annar af tveimur á þilfari með samskiptakerfi í hjálminum) var framar á þilfarinu og sá ekki þegar atvikið átti sér stað. Hann sagðist hafa heimilað hífingu eftir að hafa lásað dauðaleggnum úr og eftirleikurinn átti að vera í höndum hins tengiliðarins sem í þetta skipti var þar sem verið var að slá stroffum á trollið. Hann taldi að slasaði hefði ekki staðið rétt að þegar hann setti stroffuna á pokann. Hann hefði átt að setja hana aftan við stóru stroffuna en ekki framan við hana. Ef hann hefði gert það hefði þetta ekki gerst;
- að í kringum slysstaðinn voru tveir skipverjar ásamt slasaða. Annar þeirra spurði hvort ekki ætti að merkja rifrildi á belgnum, eins og alltaf væri gert, og rétti slasaða kolllínustroffu til þess. Samskiptatengiliður svaraði því ekki en sagðist hafa séð þegar slasaði reyndi að koma stroffunni utan um belginn og strax stöðvað hífingu sem hann taldi að ekki hafi verið hafin. Hann taldi fremur hreyfingar skipsins hafi haft megin áhrif á að það strekktist á gilsinum þegar trollið tók í á kvikunni;
- að þetta var fyrsta ferðin þar sem tveir á þilfarinu voru með fjarskiptabúnað og fram kom hjá stjórnanda að þetta fyrirkomulag hefði sannað sig betur með tímanum;
- að stýrimaður sem stjórnaði trolltökunni og var spilmaður í brú við stjórnun vindanna sagðist hafa séð slysið gerast enda hafi verið gott útsýni yfir þilfarið. Hann sagði að búið hafi verið að húkka stjórnborðsgils í stroffuna og heimild hafi verið komin frá þilfarinu að hífa í hann og herða stroffuna að belgjunum. Þar sem þetta var um tíu tonna hol átti að taka síðustu færana með báðum gilsunum og ætlaði hann eingöngu að halda við trollið á meðan bakborðsgilsinum væri komið aftur eftir. Hann sagði að slaki, sökum hreyfingar skipsins, hafi komið á belginn þar sem hann hékk í bakborðsgilsinum. Þá hafi einn skipverja stungið hendinni á milli belgjanna. Stýrimaðurinn sagði að tvennt hafi gerst, annars vegar strekktist aftur í trollið og belgurinn dróst aftur það sem slakanum nam. Hins vegar hífði hann í gilsinn og stjórnborðs stroffan hertist þar sem höndin var klemmd á milli og lenti stroffan á henni;
- að stýrimaðurinn sagði að alltaf væri tekin ákvörðun í brú um hvort setja ætti á stroffu til að hífa belginn frá til viðgerðar. Í þetta skipti hafi það ekki verið ætlunin enda um þungt hal að ræða sem brýnt hafi verið að ná inn sem fyrst. Stroffan, sem notuð er til þessa, er grönn koddlínustroffa sem venjulega er sett eingöngu á leysi á trollinu en ekki utan um það;
- að stjórnandi í brú sagði að mjög vel heyrðist í samskiptakerfinu en tveir menn (tengiliðar) á þilfari sjá um samskipti við brúnna og heyra þeir vel hver í öðrum. Einnig heyrði hann í öðrum skipverjum ef þeir standa nálægt

tengiliðunum en það virðist sem skipverjar heyri illa í hátölurum á þilfarinu þrátt fyrir göt á hjálmunum yfir eyrum.

Nefndarálit:

Orsök slyssins var aðgæsluleysi að stinga hendi milli belgjanna sem rekja mátti til ófullnægjandi samskipta milli skipverja á þilfari.